



Formannafundur haldinn í Vallarhúsi Aftureldingar miðvikudaginn 4. febrúar 2015 kl. 18.15.

Mætt voru: Dagný Kristinsdóttir badmintondeild, Inga Lilja Lárusdóttir, handboltadeild, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir form. BUR, Óli Valur Steindórsson mfl. ka., og Hallur Birgisson mfl. kvk. knattspyrnudeild. Guðrún Kristín Einarsdóttir blakdeild, Hulda Björk Finnsdóttir fimleikadeild, Anna Olsen karatedeild.

Guðjón Helgason formaður, E. Hekla Klemenzdóttir, Auður Gunnarsdóttir, Anna Sigurðardóttir og Geirarður Long frá aðalstjórn.

Indriði framkvæmdastjóri og Ester verkefnastjóri fjármála sátu einnig fundinn.

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá.

- Óli Valur kynnti stöðu mála varðandi fjölnota íþróttahús.**
- Framkvæmdastjóri ræddi fyrirkomulag sem snýr að fækkun formannafunda og fjölgun deildarfunda.** Reynslan að því að hitta frekar formenn einstakra deilda og flokka og ræða við þá innri mál deilda hefur gefið mjög góða raun. Framkvæmdastjóri lagði jafnframt áherslu á það að allir í stjórnnum vinni saman sem ein heild fyrir félagið og öll samskipti væru eðlileg og notaleg.
- Ester kynnti styrkveitingar.**
  - Úthlutun rekstrarstyrks.
  - Afslátt milli deilda í NORA.
  - Afreksstyrkur, er u.þ.b. viku á eftir áætlun.
- Fulltrúar deilda í Uppskeruhátíðarnefnd.**
  - Ákveðið að hver deild skipi fulltrúa til að skoða hvort breytinga sé þörf á hátíðinni. Samstarfsvilji er af hálfu Tómsbundanefndar Mosfellsbæjar, en hugmyndir hafa kviknað hvort hægt sé að samtvinna Uppskeruhátíð félagsins og val bæjarins á Íþróttamönnum ársins að einhverju leiti.
  - Tilnefningar í nefndina á að senda til framkvæmdastjóra sem fyrst.
- Formenn deilda sögðu frá stöðu í deildum sínum.**

### Karatedeild, Anna.

Núverandi formaður að hætta. Ánægja með nýja aðstöðu, bæði meðal þjálfara og iðkenda. Deildin hefur átt gott samstarf við Fjölni. Unglingar detta út á fyrsta ári í framhaldsskóla. Þjálfaramál eru í góðu standi.

### Handboltadeild, Inga Lilja.

Inga Lilja sagði frá að handboltaátaki deildarinnar “Komdu í handbolta” sem fór fram á meðan HM í Katar stóð yfir. Þá bauð deildin öllum að koma og prófa að æfa handbolta og var mikil aukning í yngri flokkunum eftir námskeið þetta.

Meistaraflokkarnir hjá deildinni væru á góðri siglingu, meistaraflokkur kvenna vinnur alla leiki í utandeildinni og meistaraflokkur karla væri að fara að keppa við ÍBV í 8 liða úrslitum Coca cola bikarsins í Eyjum.

### Fimleikadeild, Hulda.

Mikil gleði með nýtt fimleikahús. Gífurleg aukning á iðkendafjölda, hefur næstum tvöfaldast. Hefur gengið vel að ráða góða þjálfara.

### Blakdeild, Gunna Stína.

Deildinni vantar krakkana, t.d. vegna þess að ekki er auðvelt að komast í að kynna íþróttina fyrir þeim. Stefnt er að því að meistaraflokkur kvenna taki alla þá titla sem í boði eru. Landsliðsþjálfari var ráðinn sem þjálfari meistaraflokks karla, sá er að gera góða hluti og tók nú um áramótin við barnastarfi félagsins.

### BUR, knattspyrna, Guðbjörg.

380 iðkendur fyrir áramót, talsverð fjölgun. Upp í meistaraflokka eru að ganga krakkar sem hafa alist upp hjá félaginu. Allir þjálfarar með KSÍ gráður. Búið að ráða einstakling til að sjá um dómaramál. Hann mannar alla leiki og línuverði, en um 750 leikir eru spilaðir á ári hjá deildinni.

### Meistaraflokkur kk, Óli Valur.

Búið að taka mikla orku að hreinsa til hjá flokknum. Samstaða allra þeirra sem að þessum málum standa. Settu upp sæti á knattspyrnuvelli. Fyrsti leikmaðurinn seldur frá félaginu. Góð skilaboð til barnanna að þurfa ekki að leita í aðra klúbba. Mögulega gætu 1-2 fylgt í kjölfarið. Meistaraflokkurinn er skuldlaus sem telst afrek. Agareglur sem settar voru á fyrir 2 árum ollu ákveðnum usla en nú eru leikmenn að koma til baka og skuldbinda sig til að vinna samkvæmt þeim.

### Meistaraflokkur kvk, Hallur.

Hefur verið 8 ár úrvaldsdeild. Urðu Íslandsmeistarar í Futsal um daginn. Leikmannamál eru erfið. Engin stelpa er í 2. og 3. flokki. Leikmenn hafa sótt í önnur félög eða til annarra landa. Fjölur, Fram og Afturelding hafa hafið samstarf til að sporna gegn þessu. Deildin er að stækka og þroskast. Knattspyrnudeild hefur vantað formann í vetur en þau sem fara fyrir starfinu hafa staðið saman.

### Badmintondeild, Dagný.

Hefur gengið vel, jafnvægi er að nást í iðkendafjölda. Auðveldara að fá þjálfara en var fyrir t.d. 1 – 1 ½ ári síðan. Erum í þeim vanda að keppendur fara í önnur félög þegar ákveðnu getustigi er náð. Nú er einn iðkandi í landsliðsklassa í deildinni.

### Körfuboltadeild.

Hefur verið ströggil í vetur. Gekk illa að fá þjálfara vegna þess líka hve æfingar eru snemma í tímatöflu sala. Unglingsstrákarnir gengu í Fjölni nú um áramót vegna þessa. KKÍ kemur inn með átak, sérstakann Körfuboltadag sem verður næsta sunnudag í Lágafelli.

### Önnur mál.

1. **Staða á eineltisáætlun.** Ár síðan var ákveðið að fara af stað í það verkefni og gera það miðlægt fyrir allar deildir. IJ á 1-2 daga eftir í að fínisera. Kynnir svo hjá réttum aðilum. Auðveldar fyrirmyndarumsóknir. Þá þurfa deildir að uppfæra handbók.
2. **Könnun HÍ á neysluvenjum** ungs íþróttafólks tilbúið. Velja á ákveðnar greinar og könnun keyrð á foreldra og iðkendur .
3. **N1 samningur.** IJ ræddi hann. Hvað hægt væri að gera betur.
4. **Aðalfundur deilda, félagsins, UMSK.**  
Aðalfundur UMSK verður í Mosfellsbæ þann 26. febrúar n.k.  
UMFA á 9 fulltrúa. Senda IJ póst sem vilja mæta.  
Aðalfundum deilda þarf að vera lokið í byrjun mars þar sem stefnt er á að halda aðalfund félagsins miðvikudaginn 25. mars. Deildarfundir skal boða með viku fyrirvara í samráði við skrifstofu félagsins v. bókhaldsgagna.

Fundi slitið kl. 20.00

Dagný Kristinsdóttir  
(sign.)